

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR



JAFNLAUNASTEFNA
BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR
MAÍ 2021

Birta lífeyrissjóður skuldbindur sig til að greiða sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum skulu ekki fela í sér kynjamismunun. Jafnlaunastefna sjóðsins nær yfir alla starfsmenn sjóðsins og er órjúfanlegur hluti af starfskjarastefnu hans.

Starfsmenn sjóðsins eru allir þeir sem eru fastráðnir hjá sjóðnum eða á reynslutíma fyrir fastráðningu að framkvæmdastjóra meðtöldum. Stjórnarmenn falla ekki undir skilgreiningu á starfsmanni þar sem laun þeirra eru ákveðin af nefnd um laun stjórnarmanna og þau samþykkt á ársfundi. Laun eru skilgreind í 9. tl. 2. gr. jafnréttislaga sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfskrafti fyrir vinnu hans.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi sjóðsins og þeim stefnum sem tengjast jafnlaunakerfinu. Það er á ábyrgð framkvæmdastjóra að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunamála í samræmi við kröfur staðalsins.

Markmið sjóðsins er að að:

- Hafa vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012, skjalfesta það og viðhalda með því að sinna stöðugu eftirliti með því.
- Setja sér jafnlaunamarkmið og tilgreina hvaða leiðir sjóðurinn hyggst fara til að ná settum jafnlaunamarkmiðum.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem á kerfisbundinn hátt eru borin saman jafnverðmæt störf með það að markmiði að kanna hvort um sé að ræða munur á launum eftir kyni.
- Bregðast við óútskýrðum kynbundnum launamun ef hann kemur fram í launagreiningu með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri og ytri úttektir með reglulegum hætti og halda árlega stjórnendaráyni á jafnlaunakerfi sjóðsins.
- Gera reglulegt mat á hlífingu gagnavart lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og hafa áhrif á jafnlaunakerfi sjóðsins.
- Kynna starfsfólki jafnlaunastefnuna og hafa hana aðgengilega á vef sjóðsins.